

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Sigrúnar Jónatansdóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 21. nóvember 1947. 199 21. nóv.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sigrúnar Jónatansdóttur frá Aðalbóli í Miðfirði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Sigrúnar Jónatansdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Sigrúnu Jónatansdóttur frá Aðalbóli í Miðfirði, er fæddist 26. sept. 1938 og andaðist 11. jan. 1947. Stofnendur sjóðsins eru: Ólöf Sigfúsdóttir og Benedikt Jónsson, Aðalbóli, fósturforeldrar Sigrúnar sálugu, og foreldrar hennar: Svanhvit Stefánsdóttir og Jónatan Jakobsson. Stofnfé sjóðsins er kr. 5000.00 — fimm þúsund krónur —.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru: Vextir af peningum og verðbréfum sjóðsins, gjafir, áheit og annað, er sjóðnum kann að áskotnast. Tekjurnar leggjast við höfuðstólinn með þeim takmörkunum, er segir í 6. gr.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa þrjú menn: Skólanefnd Fremri-Torfustaðahrepps kýs tvo þeirra til fjöggra ára, en þriðji maðurinn er Benedikt Jónsson, Aðalbóli, meðan hann vill og getur annað það, en þegar hann hættir, kemur sóknarpresturinn í Melstaðar-prestakalli í hans stað. Verði ein skólanefnd fyrir báða Torfustaðahreppana, eða jafnvel stærri svæði, skal hún samt kjósa tvo menn, en annar þeirra skal þó jafnan vera úr Fremri-Torfustaðahreppi. Stjórnin kýs sér sjálf formann.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er, að veita þeim börnum viðurkenningu, sem í barnaskóla Fremri-Torfustaðahrepps hafa náð bestum árangri við bóklegt nám og handavinnu. Þó skulu þau börn aðeins njóta þess, sem sýnt hafa fyllstu prúðmennsku og ástundun bæði í og utan kennslustunda, og skal stjórn sjóðsins hafa til stuðnings við veitinguna bæði prófbók skólans og umsögn kennara. Tvenn verðlaun skulu veitt á ári, önnur fyrir handavinnu, en hin fyrir bóklegt nám. Þó getur stjórnin, ef henni þykir ástæða til, veitt fleirum verðlaun, t. d. tveimur úr hverjum aldursflokki, tíu ára og eldri, en ekki nær þetta til barna, sem komin eru í unglingadeild, enda þótt hún starfi í sambandi við barnaskólann.

Starfi nú enginn barnaskóli í Fremri-Torfustaðahreppi, en skólaskyld börn þaðan sækja skóla utan hreppsins ásamt börnum úr öðrum hreppi eða hreppum, skulu þau þó, að öðru jöfnu, ganga fyrir veitingum úr sjóðnum, en standi skólaskyldni þeirra þeim greinilega og óumdeilanlega frammar í áður nefndum atriðum, ber þó heldur að veita þeim úr sjóðnum, njóti þau ekki svipaðs styrks eða viðurkenningar annars staðar frá.

199

21. nóv.

6. gr.
Tveim þriðju hlutum af ársvöxtum sjóðsins má verja samkv. skipulagsskrá þessari, en þriðji hluti ársvaxtanna skal leggjast við höfuðstólinn, unz sjóðurinn er orðinn kr. 20000.00 — tuttugu þúsund krónur — þá má verja þrem fjórðu hlutum ársvaxtanna samkv. þessari skipulagsskrá, en fjórði hluti ársvaxtanna leggst þá við höfuðstólinn. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 100000.00 — hundrað þúsund krónur — má verja allt að níu tíundu hlutum ársvaxtanna samkv. skipulagsskrá þessari. Tíundi hluti ársvaxtanna leggst þó jafnan við höfuðstólinn ásamt öðrum tekjum sjóðsins. Allir ársvextir leggjast við höfuðstólinn þau ár, sem veiting úr sjóðnum fellur niður. Sé leyfð úthlutun ekki notuð til fulls, leggst afgangurinn einnig við höfuðstólinn. Höfuðstólinn má aldrei skerða. Fyrsta veiting úr sjóðnum fer fram það ár, sem börn fædd 1938 taka fullnaðarpróf, eða flytjast úr barnaskóla í unglingaskóla samkv. gildandi lögum árið 1951.

7. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal ávaxta í ríkistryggðum banka, sparisjóði eða verðbréfum, sem stjórn sjóðsins telur fullkomlega trygg.
Aldrei má kaupa hlutabréf fyrir fé sjóðsins.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrána, nöfn, aldur og heimilisfang allra þeirra barna, sem verðlaun fá úr sjóðnum, ásamt greinargerð um, hvers vegna þau fengu verðlaunin, svo og samþykktir og annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins. Enn fremur ber sjóðstjórninni að halda bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, og færa í hana ársreikninga sjóðsins, og skulu þeir þar undirritaðir af stjórn sjóðsins og endurskoðendum.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skulu reikningar fullgerðir fyrir lok janúarmánaðar næst á eftir. Skulu þeir síðan endurskoðaðir af sömu mönnum, sem endurskoða skólareikninga viðkomandi skólanefndar. Staðfest afrit af þeim með árituðum athugasemdum endurskoðenda skal þá sent fræðslumálastjóra til frekari umsagnar og síðan birtir í B-deild stjórnartíðindanna.

10. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari er tímar liða, ef brýnar ástæður liggja til. Þó verður öll stjórn sjóðsins ásamt allri viðkomandi skólanefnd, svo og fræðslumálastjóri að samþykkja breytingarnar. Aldrei má þó breyta nafni sjóðsins né þeim aðaltilgangi hans, sem er fyrst og fremst að verða til gagns og gleði skólaskyldum börnum í Fremri-Torfustaðahreppi, með þeim undantekningum, sem getið er hér að framan í 5. grein.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og þeim breytingum, sem gerðar kunna að verða á henni samkv. ákvæðum 10. gr. Óskast hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Vestmannaeyjum, 22. sept. 1947.

Jónatan Jakobsson.

Aðalbóli, 14. október 1947.

Svanhvít Stefánsdóttir.

Ólöf Sigfúsdóttir.

Benedikt Jónsson.